

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 89 17. des. 1966, um framleiðnisjóð landbúnaðarins.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hl. nefndarinnar er ánægður með frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Minni hlutinn telur það allsendis ófullnægjandi og flytur breytingartillögur.

Fulltrúar bænda í sex-mannanefnd sömdu við ríkisstjórnina um stofnun framleiðnisjóðsins haustið 1966. Sjóðurinn skyldi veita styrki og lán til framleiðniaukningar og hagræðingar í landbúnaði. Stofnframlag var ákveðið 50 milljón króna framlag ríkissjóðs, 20 millj. árið 1967, síðan 10 millj. á ári í þrjú ár.

Í athugasemdum við frumvarp þetta, sem er stjórnarfrumvarp, er rækilega sýnt fram á nauðsyn þess að efla sjóðinn og tryggja, að hann geti starfað óslitið. Er þar réttilega lögð áherzla á hvort tveggja, að halda áfram stuðningi við verkefni, sem þegar er byrjað á, og að greitt verði fyrir fleiri nýjungum. En í frumvarpinu er aðeins gert ráð fyrir, að árleg framlög verði allt fram til 1976 hin sömu að krónutölu og þau voru 1967—69, þrátt fyrir stórfellda rýrnun á verðgildi íslensku krónunnar. Og enda þótt í athugasemdum standi skýrum stöfum, að lagt sé til, að stofnframlag verði aukið „um 10 m.kr. á ári á næstu 5 árum“, þá gerir frv. ekki ráð fyrir neinu stofnframlagi á árinu 1971. Hefur engin skýring fengizt á þessu ósamræmi.

Minni hlutinn leggur til, að á frumvarpinu verði gerðar gagngerar breytingar:

Tekin verði upp bein fyrirmæli um, að tilraunir við innlenda fóðuröflun og heyverkun sitji fyrir öðrum verkefnum um fyrirgreiðslu. Bændur hafa að undanfögnu galdið slíkt afhroð vegna gróðurskemmda á ræktuðu landi og af völdum óþurrka, að þetta virðist eðlilegt.

Heimild til styrkveitinga verði hækkuð úr  $\frac{1}{3}$  í  $\frac{3}{5}$  af árlegu ráðstöfunarfé. Er þetta lagt til með sérstöku tilliti til þess, að stuðningur við tilrauna- og rannsóknarstarfsemi geti orðið vaxandi þáttur í starfsemi sjóðsins.

Þá leggur minni hlutinn til, að árlegt framlag ríkissjóðs sé ákveðið í fjárlögum ár hvert, að fenginni rökstuddri greinargerð bændasamtakanna um fjárþörfina, þó þannig, að framlagið verði aldrei lægra en 25 m.kr. Með tilliti til verðlagsþróunarinnar teljum við óráðlegt að binda upphæð framlagsins til 5 ára í senn. Hins vegar ber á það að líta, að mörg af viðfangsefnum sjóðsins eru langtímaverkefni. Með tilliti til þess teljum við nauðsynlegt að ákveða lágmark hins árlega framlags nokkuð fram í tímann, því að án þess yrði áætlanagerð til nokkurra ára ógerleg.

Við, sem skrifum undir þetta nefndarálit, höfum ásamt þrem öðrum alþingismönnum, Ágúst Þorvaldssyni, Magnúsi H. Gíslasyni og Sigurvin Einarssyni, flutt frv. um breyt. á l. um framleiðnisjóð landbúnaðarins, og eru breytingartillögur okkar samhljóða efni þess. Við leggjum til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. frv. komi tvær greinar, er orðist svo:
  - a. (1. gr.) Aftan við fyrri málsgrein 1. gr. laganna komi nýr málslíður, svo hljóðandi:
 

Þó skulu tilraunir með innlenda fóðuröflun og heyverkun sitja fyrir öðrum verkefnum um fyrirgreiðslu.
  - b. (2. gr.) Í stað „ $\frac{1}{3}$ “ í 3. gr. laganna komi:  $\frac{3}{5}$ .
2. 1. gr. (verður 3. gr.) orðist svo:
 

Framlag ríkissjóðs til Framleiðnisjóðs skal ákveðið í fjárlögum hverju sinni. Þó skal framlagið aldrei nema lægri upphæð en 25 milljónum króna á ári.

Leita skal umsagnar Stéttarsambands bænda og Búnaðarfélags Íslands um, hvaða verkefni séu brýnust hverju sinni, og álitgerðir þeirra skulu jafnan liggja fyrir, þegar fjárveitinganefnd gerir tillögur sínar til Alþingis um framlag til sjóðsins.

Alþingi, 2. febr. 1971.

Vilhjálmur Hjálmarsson,  
frsm.

Stefán Valgeirsson.